



Efni: Samantekt athugasemda og svör, vegna breytingar á deiliskipulagi Áslands 3, grenndarstöð

Á fundi skipulags- og byggingarráðs 1. júní sl. var samþykkt að auglýsa breytingu á deiliskipulag Áslands 3. Áfangi. Ákvörðun skipulags og byggingarráðs var staðfest í bæjarstjórn 7. júní sl.

Deiliskipulagið var í auglýsingu frá 20. júní með frest til 21. ágúst sl.

Athugasemdir bárust frá:

Berglindi Ósk Alfreðsdóttir dags. 14.08.2023 í Skipulagsgátt

Veitum dags. 21.06.2023 í Skipulagsgátt

Að auki barst athugasemd frá Sigrúnu Ingu Reynisdóttur fyrir hönd Brekkuás 1-3 að athugasemdatíma loknum.

Veitur

Athugasemd	Svar
Benda á að 250mm dreifilögn hitaveitu liggur á skipulagssvæðinu sem ekki er innmæld. Óvissa ríkir því hvar lögnin er nákvæmlega staðsett.	Ekki stendur til með að grafa gámana niður en grafa þarf fyrir girðingu og jarðvegsskipta þarf í gróðurbeðum.

Berglind Ósk Alfreðsdóttir

Athugasemd	Svar
Umræddur skikki hentar alls ekki fyrir starfsemi af þessu tagi og eru fyrir því fjölmargar ástæður. 1. Veðurfar í tillögunum hefur ekki verið metið áhrif veðurfars á svæðinu. Svæðið er berskjaldað fyrir lægðum sem koma þarna niður af miklum krafti. Skjólveggur og gróðurbeð er ekki nóg til þess að skýla svæðinu og veita umferðaröryggi. Ég hef oft séð lögreglu í vöndum veðrum vera að elta við rusl og reyna að binda niður á þessu svæði	Ætlunin er að setja skjólvegg til að skýla gámastæðinu.
2. Umferðaröryggi Ekki er tekið tillit til umferðaröryggis í tillögunum, en það er það sem skiptir einna mestu máli á þessu svæði þegar gámar eru settir ofan í stofnæð hverfisins eins og hér er gert. a) Raunverulegt pláss fyrir gámana og svæði fyrir þjónustuþega er lítið og mun þrengja verulega að götunni sem er eina gatan inn og	Þetta hefur ekki áhrif á umferðaröryggi. Þarna var strætóstoppistöð svo það er auka útskot á götunni þar sem gámarnir verða staðsettir. Gatan er óþarflega breið á þessum stað sem þarna. A - Þetta kemur ekki til með að þrengja götuna, enda



Hafnarfjörður

út úr hverfinu. b) U-beygjur munu verða tíðar á svæðinu sem skapar mikla hættu fyrir bæði þá sem koma að ofan og neðan, þetta er í blindpunkti fyrir þá sem koma að ofan. c) Svæðið nýtist í dag vel sem útskot fyrir bílstjóra til að bregðast við hættuástandi sem auðveldalega getur myndast í brekkunni. d) Oft hafa stærri bifreiðar lagt í þessu útskoti og skapað hættu fyrir umferðina þar sem þrengir að, skýrslur þess efnis er lögreglan með. e) Hætta skapast fyrir þá sem eru við Svæði þar sem nálægð við götuna er mikil, þetta er sérstaklega slæmt fyrir börn. Gatan hefur til þessa hættuleg gangandi vegfarendum og þetta mun ekki bæta það.	stendur þetta utan við hana B - Það er möguleiki ef að notendur sýna ekki aðgát að þarna verði óþægindi. C - Mögulega verður enn hægt að nota þetta útskot eins þó gámostöð verði staðsett þarna D - Stærri bifreiðar eiga ekki að leggja þarna og gámostöð mun koma í veg fyrir það. E - Þetta mun ekki skapa aukna hættu fyrir vegfarendur
3. Ásýnd hverfisins. Svæðið er inngangur inn í hverfið og umgengi og utan umhald um gámasvæði í bænum hafur til þessa verið verulega ábótavant. Bærinn á ekki að bjóða íbúum upp á fleiri gáma sem blasa við öllum með tilheyrandi óþrifnaði og sérstaklega ekki á mest farna svæði hverfisins. Það er fínt svæði bæði við Iceland og við Sólvang, sem ætti frekar að efla, þar sem þeir sem munu nýta þetta svæði þurfa í flestum tilfellum að aka fram hjá þeim líka.	Snyrtileg grenndarstöð er ekki lýti á svæði. Grenndarstöðvar eru aukin þjónusta af hálfu sveitafélagsins við íbúa bæjarins, þær eru til að auðvelda fyrir íbúum að losa sig við annað sorp en það sem ekki er hirt upp við hús án þess að þurfa að fara langar leiðir til losa sig við það.

Sigrún Inga Reynisdóttir fyrir hönd Brekkuás 1-3

Athugasemd	Svar
Mikill vindstrengur er þarna meirihluta árs, sem enginn skjólveggur né gróðurbeð heldur skjóli.	Ætlunin er að setja upp skjólvegg.
Engin bílastæði eru á þessu svæði, sem segir okkur það, að það þyrfti þá að fara í frekari jarðvinnu til að breyta þessu litla svæði.	Það þarf mögulega að fara í minniháttar framkvæmdir. En þetta eru ekki staðir sem fólk dvelur á svo það er ekki talin þörf á bílastæðum, það mæti líkja þessu við bensín stöðvar viðkomandi stekkur út og losar og næsti bíður þá á meðan ef svo ber undir. Svo er líka hægt að koma gangandi að svæðinu.
Aukin umferð verður upp Brekkuásinn með tilheyrandi U- beygjum á þessu litla svæði. Þetta ógnar umferðaröryggi í Áslandi 3.	Það er möguleiki ef að notendur sýna ekki aðgát að þarna verði óþægindi.
Umgengni við grenndarstöðvar á höfuðborgarsvæðinu hafa verið vægast sagt mjög slæmar, ruslahrúgur og drasl safnað	Umgengni er okkar íbúa allra. Ásland 3 er snyrtilegt hverfi svo það má vænta þess að íbúar hverfisins gangi snyrtilega um grenndarstöðina í hverfinu sínu



Hafnarfjörður

saman fyrir framan gámana, sem fýkur svo um allar jarðir í næsta roki.	eins þeir gera núna í sínu nánast umhverfi við heimili sín.
Fallega hverfið okkar né íbúar hverfisins, er ekki til í að verða miðstöð fyrir grenndarstöð með aukinni umferð og fjúkandi rusli sem aldrei verður tínt upp. Þetta er ekki það stórt hverfi, að grenndarstöð sé nauðsynleg. Þess má geta að nú er flokkun á heimilissorpi komin í fullan gang í Áslandi 3, því ætti sú flokkun að taka svolítið við af grenndarstöðvum. SORPA er svo í næsta hverfi fyrir stærri og öðruvísi hluti.	Samkvæmt nýjum lögum er gert ráð fyrir grenndarstöðvum í nágrenni við íbúa og þessi staðsetning er hugsuð til að uppfylla þá skyldu.

Niðurstaða: Mælt er með að tillagan verði samþykkt óbreytt.

